

Fréttablað október 2018



Haustþing

Föstudaginn 5. október er haustþing leikskóla á suðurlandi og fer allt starfsfólk á Bergheimum þangað. Leikskólinn verður því lokaður þennan dag. Haustþing er þannig byggt upp að það kemur starfsfólk af öllum leikskólum á suðurlandi frá Kirkjubæjarklaustri að Þorlákshöfn og fer á ýmis námskeið eða fyrirlestra á þessum degi.

Umhverfisnefnd

Umhverfisnefnd þetta skólaárið skipa: Hallfríður Snorradóttir, Margrét Björg Jónsdóttir, Rannveig Júlíusdóttir, Hrafnhildur Hlín Hjartardóttir og Svava Karlsdóttir auk þeirra er fulltrúi frá foreldrum og nemendum. Umhverfisnefndin hittist annan föstudag í mánuði en fulltrúar foreldra mæta annan hvern mánuð. Næsta markmið Grænánans er Átthagar og stefnt er að því að sækja um þann fána á þessu skólaári.

Blær

Í byrjun september kom Blær til okkar, Blær er bangsi sem spilar stórt hlutverk í Vináttu verkefni Barnaheilla. Blær fer í sumarleyfi og kemur til baka með viðhöfn, þetta árið kom björgunarsveitin með hann til okkar. Fulltrúar björgunarsveitarinnar komu á gulum bíl með blá blikkandi ljós hingað í lóðina og afhentu okkur Blæ. Börnunum fannst mjög spennandi að fá Blæ til okkar með þessum hætti. Þökkum við Björgunarsveitinni Mannbjörg kærlega fyrir komuna og hjálpina. Þeir sem vilja fræðast meira um Vináttu, forvarnarverkefni Barnaheilla geta farið inn á <https://www.barnaheill.is/is/forvarnir-og-fraedsla/vinatta>

Ný stjórn foreldrafélags

Aðalfundur foreldrafélagsins var haldin 18. september og var mæting prýðileg. Kosnir voru tveir nýir fulltrúar í stjórn þær Hanna Guðrún Gestsdóttir og Vigdís Lea Kjartansdóttir en þrír úr eldri stjórninni halda áfram. Stjórnina skipa: Helga Jóna Gylfadóttir, Arndís Lára Sigtryggisdóttir, Ingólfur Arnarson, Hanna Guðrún Gestsdóttir og Vigdís Lea Kjartansdóttir þau skipta með sér verkum á fyrsta fundi stjórnar. Þær Sigríður Vilhjálmsdóttir og Erla Sif Markúsdóttir viku úr stjórn eftir tveggja ára setu og þökkum við þeim kærlega fyrir þeirra störf.

Gjöf

Í september kom Sigurður Garðarsson fyrir hönd Lions á Íslandi færandi henni með gjafapakka með læsishvetjandi námsefni sem allir leikskólar fá. Það er Menntamálastofnun í samstarfi við Lions hreyfinguna sem gefur pakkana. Þessi gjöf er einn liður í *Þjóðarsáttmála um læsi* og styður við undirstöðuþætti læsis. Færum við Lions og Menntastofnun kærar þakkir fyrir.

Foreldrafundir

Árlegir foreldrafundir deildanna eru byrjaðir en fyrsti fundur var á Hulduheimum 26. September. Næsti fundur verður miðvikudaginn 3. október á Tröllaheimum kl. 8.10, miðvikudaginn 10. október verður fundur á Álfaheimum kl. 8.10, fundurinn á Dvergaheimum verður miðvikudaginn 17. október og síðasti fundurinn verður á Ásheimum miðvikudaginn 24. október. Á þessum fundum fá foreldrar hagnýtar upplýsingar um leikskólann og starfið á deildunum og er því mikilvægt að foreldrar mæti. Fundirnir eru haldnir á kaffistofu starfsfólks.

Haust veðráttu

Veðrið á þessum árstíma getur verið ansi rýsjótt og er því gott að hafa alltaf pollaföt meðferðis þótt ekki rigni að morgni. September var frekar hlýr og hefur ekki ennþá verið þörf fyrir kuldagallann en sá tími gæti farið að koma. Það er gott að hafa bæði þykkar og þunnar húfur í hólfunum áfram þar til kólnar fyrir alvöru.

Bleikur litadagur

Október er mánuður brjóstakrabbameins og höldum við uppá hann þann 12. október. Þá ætla allir að mæta í einhverju **bleiku** eða með eitthvað **bleikt** á sér. Gaman væri að sem flestir sæju sér fært að taka þátt í þessum degi með okkur og gaman væri að sjá foreldra einnig klæðast **bleiku** á þessum degi.

Uppskera

Búið er að taka upp grænmeti sem sett var niður síðasta vor. Rabarbara- og kartöfluuppskera var góð, gulræturnar voru frekar smáar, svo var lítilræði af baunum og dilli. Börnin eru búin að vera að gæða sér á rabarbaranum í útiveru og síðan sauð Setta rabarbaragrat sem boðið var uppá í eftirrætt eitt hádegið. Gulræturnar voru notaður í kjötsúpu tveimur dögum eftir að þær voru teknar upp og þóttu góðar. Kartöflurnar voru hafðar með hádegismatnum einn daginn og voru að sjálfsögðu mjög góðar.

Aðlögun nýrra barna

Aðlögun nýrra barna er að ljúka núna í byrjun október eru nemendur þá 84 í leikskólanum á 5 deildum.

Bergheimar halda áfram að vera fjölþjóðlegir en 28 nemendur eiga annað hvort annað eða báða foreldra af erlendum uppurna. Löndin sem nemendur eru frá auk Íslands eru: Pólland, Rúmenía, Argentína, Kenýa, Bandaríkjunum, Slóvakía, Þýskalandi og Tæland.

Hliðið

Við viljum minna aftur á að það er nauðsynlegt að loka hliðinu þegar gengið er um það, börnin geta verið fljót að hlaupa út á bílaplan ef það er skilið eftir opið. **Vinsamlega leyfið börnunum ekki að opna hliðið þegar þau koma eða fara það er öruggast að þau kunni hvorki að opna né loka því.**

Vikan 1.-7. október

- | |
|---|
| 3. október foreldrafundur á Tröllaheimum kl. 8.10 |
| 4. október íþróttir í íþróttahúsinu, muna eftir þægilegum fatnaði. |
| 5. október Haustþing starfsfólks leikskóla á suðurlandi, leikskólinn lokaður |

Vikan 8.-14. október

- | |
|--|
| 9. október Félag eldri borgara koma á Hulduheima og lesa eða segja sögu. |
| 10. október foreldrafundur á Álfaheimum kl. 8.10. |
| 11. október íþróttir í íþróttahúsinu, muna eftir þægilegum fatnaði. |
| 12. október rugldagur og bleikur litadagur |

Vikan 15.-21. október

- | |
|---|
| 17. október foreldrafundur á Dvergaheimum kl 8.10. |
| 18. október íþróttir í íþróttahúsinu, muna eftir þægilegum fatnaði. |
| 19. október söngstund |

Vikan 22.-28. október

- | |
|---|
| 24. október er foreldrafundur á Ásheimum kl 8.10. |
| 25. október íþróttir í íþróttahúsinu, muna eftir þægilegum fatnaði. |
| 26. október söngstund |

Með haustkveðju
Elsa aðstoðarleikskólustjóri